

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 13. nóvember 2013 í máli nr. E-1687/2012:

A

(Gísli Guðni Hall hrl.)

gegn

B

(Jóhannes Karl Sveinsson hrl.)

og til réttargæslu

C

(Haukur Guðmundsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 30. september sl., höfðaði stefnandi, A ... hinn 14. desember 2012, gegn stefnda, B Með réttargæslustefnu 4. júlí 2013 var C ... stefnt inn í málið til réttargæslu af stefnda.

Dómkröfur stefnanda eru að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 700.000 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 7. apríl 2012 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað. Engar kröfur eru gerðar af hálfu stefnda á hendur réttargæslustefnda.

Réttargæslustefndi krefst málskostnaðar sér til handa. Engar kröfur eru gerðar á hendur honum í málinu.

I

Stefnandi er grunnskólakennari og hóf hann störf við X árið 1999. Stefnandi hafði þá starfað sem kennari frá 1989. Árið 2008 var C ráðinn skólastjóri við X. Var stefnandi þá trúnaðarmaður kennara á vinnustaðnum.

Haustið 2011 kvartaði stefnandi formlega yfir einelti, sem hann sagðist verða fyrir af hálfu réttargæslustefnda, með erindi til sviðsstjóra ... B. Var sálfræðistofunni Líf og sál falið að framkvæma athugun vegna kvörtunarinnar og gera skýrslu um

málið. Þrír sálfræðingar á stofunni, Einar Gylfi Jónsson, Rakel Davíðsdóttir og Þórkatla Aðalsteinsdóttir, skiluðu skýrslu vegna athugunar sinnar 8. desember 2011. Er þar var komið sögu hafði réttargæslustefndi látið af störfum. Í skýrslunni er farið yfir málið og meðal annars reifaðar frásagnir aðila, þ.e. stefnda og réttargæslustefnda, sem og annarra starfsmanna við X. Í lok skýrslunnar eru helstu niðurstöður sálfræðinganna teknar saman í sérstökum niðurstöðukafla. Í þeim kafla segir meðal annars svo:

A (stefnandi) styður kvartanir sínar um einelti C (réttargæslustefndi) í sinn garð ýmsum dæmum. Einkum snúast dæmin um tvennt. a) Þegar leið að lokum fyrsta vetrar C í starfi, hafi C með markvissum hætti byrjað að skera niður störf PA og lítilsvirt þannig metnaðarfullt framlag hans til starfsemi skólans. b) Viðmót og framkoma C í sinn garð hafi verið lítilsvirðandi og einkennst af hundsun og baktali.

C hafnar alfarið ásökunum A og segir að því sé í raun öfugt farið. Framkoma A í sinn garð hafi nánast frá byrjun einkennst af neikvæðni, baktali og undirróðri. Hafi A smitað neikvæðni sinni út í starfshópinn.

Verða nú framkomnar ásanir A skoðaðar í ljósi þeirrar skilgreiningar á einelti sem stuðst er við í athugun þessari:

Einelti er endurtekin, neikvæð og/eða niðurlægjandi framkoma sem erfitt er að verjast og leiðir til vanlíðunar hjá þeim sem fyrir verður

Skilgreiningin samanstendur af fjórum þáttum: a) endurtekning; b) neikvæð og/eða niðurlægjandi framkoma; c) erfitt fyrir meintan þolanda að verjast framkomunni og d) meintur þolandi hefur orðið fyrir vanlíðan.

Til að framkoma geranda geti talist einelti þarf hún að falla undir alla fjóra þætti skilgreiningarinnar.

a) Endurtekning: Það ástand sem A kvartar undan hefur verið viðvarandi frá því vorið 2009, þ.e. ákvarðanir um niðurskurð á verkefnum hans á ómálefnalegum forsendum og meint misbeiting C á valdi því sem hann hefur sem stjórnandi.

b) Neikvæð og/eða niðurlægjandi framkoma: Ekki verður tekið undir með A að ákvarðanir C um niðurskurð verkefna og skipulagsbreytingar varðandi heimasíðu teljist neikvæð/niðurlægjandi framkoma í hans garð. Þó þær hafi bitnað á honum og honum hafi fundist þær illa rökstuddar, er um að ræða sparnaðaraðgerðir og skipulagsbreytingar sem C sem stjórnandi er í fullum rétti að framkvæma, þó umdeildar kunni að vera. Hins vegar virðist undirrituðum að viðbrögð C við óánægju A hafi verið ófagleg og ekki sæmandi stjórnanda. Í samtali við undirrituð gengst C við því að hafa baktalað A („hvaða leikrit er nú að fara af stað?“), D staðfestir bæði þá frásögn A að C hafi viðhaft orðin „það kemur skólaár eftir þetta“ og að hann hafi beðist undan tilmælum millistjórnenda um að leita lausna í málinu. Þó C telji með nokkrum rétti að A hafi gert sér erfitt fyrir að bæta ástandið, er það mat undirritaðra, að með því að taka a.m.k. fullan þátt í að viðhalda

andrúmslofti fáskiptni og persónulegrar óvildar, hafi hann brugðist í hlutverki sínu sem stjórnandi.

c) Erfitt fyrir meintan þolanda að verjast framkomu geranda: Fram kemur í frásögnum C og ýmissa viðmælanda, að A hafi að margra mati látið óánægju sína í ljós með óviðeigandi og skemmandi hætti. Talað er um fýlu, píslavætti, baktal, hundsun. M.ö.o. að A hafi notað svipaðar aðferðir og C til að bregðast við í þessu máli. Ljóst er að framkoma A hefur að ýmsu leyti verið aðfinnsluverð og honum ekki til framdráttar. Á hitt ber að líta að C hefur formleg völd og formlega ábyrgð umfram A og að hann sem stjórnandi tók a.m.k. fullan þátt í að viðhalda andrúmslofti persónulegrar óvildar.

d) Vanlíðan meints þolanda: A greinir frá langvarandi vanlíðan, svefntruflunum og líkamlegum einkennum langvarandi streitu.

Undirrituð telja, á grundvelli framkominna upplýsinga um málavöxtu, að framkoma C í gerð A uppfylli ofangreind skilyrði um að vera einelti. Undirrituð benda á, að eineltiskvörtun sú sem hér hefur verið könnuð er hluti af stærra vandamáli sem ríkti á vinnustaðnum um nokkurra missera skeið. Þeir flokkadrættir sem virðast hafa orðið um þetta mál, gætu hugsanlega dregið dilk á eftir sér og að þó A sé í stöðu þolanda í þessu máli, þá er ýmislegt í framkomu hans aðfinnsluvert.

Eftir að skýrsla Lífs og sálar lá fyrir áttu sér stað samningaviðræður milli lögfræðings stéttarfélags stefnanda, Kennarasambands Íslands, og stefnda um mögulega greiðslu miskabóta til stefnanda, sbr. bréf stéttarfélagsins frá 7. mars 2012 og framlögð tölvupóstsamskipti. Svo fór að stefndi hafnaði bótaábyrgð. Lögmaður stefnanda ritaði stefnda innheimtubréf 12. nóvember 2012 þar sem færð voru rök fyrir bótakröfu stefnanda. Með bréfi lögmanns stefnda 10. desember 2012 var kröfum stefnanda hafnað. Höfðaði stefnandi því mál þetta 14. desember 2012 samkvæmt áðursögðu.

II

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hann segir það markmið laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu. Í V. kafla laganna, um framkvæmd vinnu, segi í 37. gr. að vinnu skuli haga og framkvæma þannig að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Fylgja skuli viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varði aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Í e-lið 38. gr. laganna sé mælt fyrir um að ráðherra skuli setja reglur um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum. Með stoð í þeirri grein hafi verið sett reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað. Í 3. gr.

reglugerðarinnar sé einelti skilgreint með sama hætti og lagt hafi verið til grundvallar í skýrslu sálfræðinganna frá 8. desember 2011.

Stefnandi byggir á því í málinu að hann hafi orðið fyrir einelti af hálfu réttargæslustefnda, skólastjóra X, sbr. niðurstöður fyrrnefndrar skýrslu. Stefndi hafi viðurkennt að eineltið hafi átt sér stað og að stefnandi hafi orðið fyrir miska.

Bótakröfu sína segir stefnandi reista á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Samkvæmt ákvæðinu sé heimilt að láta þann sem ábyrgð beri á ólögmatrí meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert sé við. Einelti það sem stefnandi hafi orðið fyrir hafi falið í sér ólögmeta meingerð gegn friði, æru og persónu hans.

Fjárhæð miskabótakröfu sinnar kveður stefnandi vera að álitum. Leggur stefnandi áherslu á að við ákvörðun miskabóta verði til þess að líta að vinna sé mjög stór þáttur í daglegu lífi fólks. Þá sé frelsi til atvinnu stjórnarskrárvarið. Lögum nr. 46/1980 sé ætlað að tryggja líkamlegt og andlegt heilbrigði starfsmanna. Skaðleg áhrif eineltis séu vel þekkt í dag og þau áhrif eineltisins á stefnanda er fram komi í skýrslu sálfræðinganna, þ.e. langvarandi vanlíðan, svefntruflanir og líkamleg einkenni langvarandi streitu, séu dæmigerð. Þá beri að líta til þess að gerandinn var skólastjóri er hafði sem slíkur yfirburðastöðu gagnvart stefnda.

Stefnandi kveðst byggja á því að stefndi beri bótaábyrgð á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð, en meta verði réttargæslustefnda það til sakar að hafa lagt stefnanda í einelti með þeim hætti sem hann hafi gert. Þó svo að það hafi ekki verið starfsskylda skólastjórans að leggja stefnda í einelti þá sé ekki unnt að líta svo á að það hafi verið án tengsla við starfið og framkvæmd þess. Líta verði til þess að réttargæslustefndi hafi verið forstöðumaður X og sem slíkur haft boðvald yfir öðrum starfsmönnum skólans og borið ábyrgð á starfsmannahaldi. Þannig hafi hann meðal annars borið ábyrgð á framkvæmd laganna nr. 46/1980 og reglugerðarinnar nr. 1000/2004. Samkvæmt þessu hafni stefnandi þeim málatilbúnaði stefnda að með eineltinu hafi réttargæslustefndi farið svo langt út fyrir starf sitt að sveitarfélagið beri ekki á því ábyrgð á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð á skaðaverkum starfsmanna.

Af hálfu stefnanda er einnig á það bent að eineltið hafi að öllu leyti átt sér stað innan veggja skólans. Jafnframt hafi stefnandi ekki haft ástæðu til að ætla annað en að eineltið stæði í beinum tengslum við stjórnunarstíl skólastjórans og það vald sem hann hafi haft yfir stefnanda sem slíkur.

Framangreindu til viðbótar kveðst stefnandi enn fremur byggja á því að stefndi beri ábyrgð á því að ekki hafi verið brugðist við eineltinu frá vori 2011 fram á haust það ár, þrátt fyrir að yfirmönnum stefnda hafi verið greint frá því. Stefndi beri jafnframt ábyrgð á því að ekki hafi verið til áætlun í samræmi við 5. gr. laga nr. 1000/2004. Meta beri þessi atriði stefnda til sakar. Stefndi beri því einnig ábyrgð á grundvelli almennu skaðabótareglunnar.

Hvað varðar kröfu um málskostnað bendir stefnandi sérstaklega á að hann sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili og honum beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skattinum úr hendi stefnda.

III

Stefndi tekur fram að hann þekki ekki til allra atvika málsins af eigin raun. Raunar telji stefndi að stefnandi hefði átt að beina kröfum sínum að réttargæslustefnda í stað sveitarfélagsins. Réttargæslustefndi hafi verið æðsti stjórnandi í grunnskólanum og telja verði að aðrir stjórnendur eða kennarar í skólanum geti ekki í neinum skilningi talist hafa verið í forsvari fyrir sveitarfélagið í málinu.

Við úrlausn málsins verði að horfa til stöðu stefnanda og möguleika hans til að gæta hagsmuna sinna og beina málinu í réttan farveg, en fyrir liggja að stefnandi hafi haft nokkuð langa reynslu sem kennari og trúnaðarmaður á vinnustað. Þá virðist ljóst að stefnandi hafi ráðfært sig við stéttarfélag sitt á fyrri stigum málsins.

Stefndi kveðst ekki betur sjá en óumdeilt sé í málinu að viðbrögð bæjaryfirvalda í framhaldi af kvörtun stefnanda um einelti um miðjan október 2011 hafi verið markviss og tafarlaus. Stefndi mótmæli þeim málatilbúnaði stefnanda að bæjaryfirvöld hafi brugðist á fyrri stigum málsins og jafnframt að ákveðin stjórnýsla réttargæslustefnda hafi falið í sér misbeitingu á valdi sem skilgreina megi sem einelti. Þannig sé rangt með farið í stefnu að millistjórnendur í skólanum hafi gert bæjaryfirvöldum kunnugt um málið á árinu 2010. Hið rétta sé að E, deildarstjóri sérkennslu, hafi viðrað áhyggjur sínar af málinu við bæjarstjóra og sviðsstjóra ... B undir lok skólaárs vorið 2011. Þá hafi stefndi, eftir að niðurstaða sálfræðinganna þriggja lá fyrir, boðist til að útvega stefnanda sérfræðiaðstoð til að vinna úr vanlíðan og öðrum mögulegum afleiðingum málsins. Enn fremur bendir stefndi á að í skýrslu sálfræðinganna komi fram að þeim hafi virst sem stjórnunarlegar ákvarðanir réttargæslustefnda, er beinst hafi að stefnanda, hafi verið réttmætar og ekki falið í sér neikvæða eða niðurlægjandi framkomu í hans garð.

Samkvæmt framansögðu skilji stefndi niðurstöður skýrslunnar þannig að eineltið hafi í fyrsta lagi falist í ófaglegum viðbrögðum réttargæslustefnda við óánægju stefnanda með ákvarðanir um breytingu á störfum. Í öðru lagi hafi það falist í því að réttargæslustefndi hafi baktalað stefnanda og tekið þátt í að „viðhalda andrúmslofti fáskiptni og persónulegrar óvildar ...“ Að mati sálfræðinganna sé því röt vandans óánægja stefnanda með ákvarðanir réttargæslustefnda sem virðist þó efnislega hafa átt rétt á sér. Þá taki þeir fram að framkoma stefnanda hafi að „... ýmsu leyti verið aðfinnsluverð og honum ekki til framdráttar.“

Stefndi tekur fram að ákvarðanir réttargæslustefnda um breytingu á fyrirkomulagi á umsjón með heimasíðu skólans hafi verið að frumkvæði stefnda. Breytingarnar hafi verið liður í hagræðingu innan bæjarfélagsins. Einnig hafi ný sveitarstjórn frá árinu 2010 markað stefnu um aðhald í rekstri sveitarfélagsins, þ.m.t. skólans, sem leitt hafi til niðurskurðar á kennslu- og yfirvinnutímum kennara almennt. Rót þeirra aðgerða hafi því ekki verið meinbægni réttargæslustefnda gagnvart stefnanda.

Stefndi segir stefnanda ekki hafa lagt fram fullnægjandi sönnunargögn um aðalatriði málsins, þ.e. um hina meintu bótaskyldu athöfn og það tjón sem stefnandi telji sig hafa orðið fyrir. Svo virðist sem málsókn stefnanda byggist eingöngu á þeirri forsendu að geti eitthvað flokkast sem einelti sé það sjálfkrafa ólöglegt meingerð í skilningi 26. gr. skaðabótalaga. Því mótmæli stefndi.

Eina sönnunargagnið í málinu sé skýrsla sálfræðinganna frá 8. desember 2011 um samskipti stefnanda og réttargæslustefnda. Að áliti stefnda sé sú skýrsla hins vegar ekki sönnun fyrir bótaskyldri athöfn í skilningi 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ýmsar athafnir í mannlegu lífi, sem nefndar séu einelti, geti mögulega fallið undir ákvæði 26. gr. skaðabótalaga. Það undanþiggi aftur á móti ekki þann sem geri kröfu um bætur frá því að sýna fram á að skilyrði 26. gr. um ólögmæti sé uppfyllt og að meintur tjónvaldur hafi sýnt af sér háttsemi sem telja verði meingerð í skilningi greinarinnar. Þannig geti ýmislegt er í mæltu máli sé rætt um sem einelti fallið utan marka 26. gr., svo sem ókurteisi, almenn leiðindi eða stríðni.

Stefndi kveður einelti ekki lögákveðið hugtak þó svo ákvæði í reglugerð nr. 1000/2004 veiti ákveðnar leiðbeiningar. Sem dæmi megi taka að þar sé tekið fram að skoðana- eða hagsmunaárekstur, sem rísa kunni á vinnustað milli stjórnanda og starfsmanns, falli ekki þar undir. Þá sé því mótmælt af hálfu stefnda að sú skilgreining á einelti sem lögð hafi verið til grundvallar í skýrslu sálfræðinganna sé sama skilgreining og reglugerðin geymi.

Þá hafi stefnandi ekkert lagt fram um tímabundnar eða varanlegar afleiðingar vegna háttsemi skólastjórans. Því sé með öllu ómögulegt að leggja mat á það hvort þær séu til staðar. Dómstólar hafi aldrei dæmt miskabætur eingöngu á grundvelli frásagnar tjónþola sjálfs.

Skýrslu sálfræðinganna hafi ekki verið aflað til að vera sönnunargagn um miskabætur. Hún byggist á viðtölum og viðmiðum sem með engu móti tengist hefðbundnu lögfræðilegu mati á því hvort skilyrði bótaskyldu sé uppfyllt. Stefndi hafi enga aðkomu haft að gerð skýrslunnar eftir að hann óskaði eftir því að verkið yrði unnið. Þá leggi sálfræðingarnir í skýrslu sinni ekkert mat á trúverðugleika frásagna, tímasetningar eða annað það sem máli kunni að skipta.

Stefndi segir það óhóflega einföldun í stefnu að halda því fram að hann hafi viðurkennt „... að eineltið hafi átt sér stað og að stefnandi hafi orðið fyrir miska.“ Stefndi hafi enga afstöðu tekið til þess hvort athafnir réttargæslustefnda falli undir ákvæði 26. gr. skaðabótalaga og hafi mjög takmarkaða möguleika til að gera það. Þá sé það einnig alvarlegur galli á málsókn stefnanda að einstökum atvikum sé lítt eða ekkert lýst. Þegar við bætist að stefnandi hafi ákveðið að hafa þann hátt á málsókn sinni að stefna ekki meintum geranda verði að gera þá kröfu að hann leggi fram fullnægjandi sönnunargögn fyrir öllum atvikum og reifi þau þannig að dómurinn geti tekið afstöðu til þeirra á grundvelli viðeigandi lagaákvæða.

Að áliti stefnda væri það fráleitt, fari svo að viðurkennt verði að ólögmæt meingerð í skilningi 26. gr. skaðabóta hafi átt sér stað, að hann yrði látinn bera ábyrgð á þeirri háttsemi og tjóni sem af henni leiddi á grundvelli reglna skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð. Meint einelti hafi falist í persónulegum ágreiningi, en ekki því hvernig réttargæslustefndi hafi beitt valdi sínu eða tekið ákvarðanir um réttindi og skyldur stefnanda. Þau dómafordæmi sem stefnandi hafi vísað til, máli sínu til stuðnings, fjalli öll um slík tilvik. Ákvarðanir þær sem skólastjórinn hafi tekið um réttindi og skyldur stefnanda – sem stefnandi hafði reyndar á fyrri stigum byggt á að hefðu verið einelti – voru í sálfræðingaskýrslunni taldar hafa verið eðlilegar og málefnalegar. Ákvarðanirnar hafi verið liður í aðgerðaáætlun um aðhald í rekstri sveitarfélagsins og ekki hafi verið sýnt fram á annað en umræddar breytingar á

starfi stefnanda hafi verið málefnalegar og réttmætar. Viðbrögð stefnanda og samskipti stefnanda og réttargæslustefnda í kjölfar þeirra ákvarðana hafi hins vegar ekki verið það ef marka megi skýrsluna.

Verði það niðurstaða dómsins að stefnandi hafi orðið fyrir ólögumætri meingerð af hálfu skólastjórans verði að telja ljóst að sú háttsemi hafi verið án nauðsynlegra tengsla við starf og starfssvið viðkomandi starfsmanns. Einelti sé alvarlegt frávik frá hegðun sem búast megi við af fólki. Því sé skipað í sama flokk og alvarlegum afbrotum gegn lífi og heilsu í skilgreiningu reglugerðar nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað, svo sem kynferðislegri áreitni, öðru andlegu eða líkamlegu ofbeldi. Litið hafi verið svo á að slíkt ofbeldi falli almennt utan marka óskráðra reglna um vinnuveitendaábyrgð. Engin lagarök standi til þess að útvíkka eða kveða almennt á um ábyrgð vinnuveitanda á slíku hátterni starfsmanna. Meta verði hvert mál fyrir sig, alvarleika hegðunar, eðli hennar og sýnileika.

Stefndi byggir jafnframt á því í málinu að rangt sé og ósannað að sveitarfélagið hafi í talsverðan tíma vitað um og látið óátalda hina meintu bótaskyldu háttsemi. Stefnandi hafi haldið þessu fram í stefnu og byggist þessi staðhæfing a.m.k. að hluta til á röngum fullyrðingum um málavexti. Hið rétta sé að á umræddu tímabili hafi stefndi ekki haft vitneskju um ætlaða háttsemi réttargæslustefnda. Það hafi ekki verið fyrr en með kvörtun stefnanda haustið 2011 sem stefnda hafi orðið ljós umkvörtunarefni stefnanda, sbr. eftirfarandi ummæli í bréfinu: „Nú er svo komið að ég get ekki undan því vikist að kalla það einelti sem ég er beittur á vinnustað mínum hér í X ...“ Þetta orðalag beri beinlínis með sér að stefnandi hafi ekki fyrr rætt um samskipti réttargæslustefnda og sín sem einelti. Stefndi hafi brugðist við kvörtun stefnanda með fullkomlega fullnægjandi hætti og sérfræðingar verið fengnir til að rannsaka ástandið. Réttargæslustefndi hafi látið af störfum og verði því ekki annað séð en að málinu hafi lyktað á ákjósanlega hátt fyrir stefnanda.

Af hálfu stefnda er sérstaklega tekið fram að engu hefði breytt þó svo í gildi hefði verið sérstök aðgerðaáætlun á umræddum tíma. Þegar kvörtun stefnanda hafi borist 12. október 2011 hafi verið leitað ráðgjafar og málið sett í ferli sambærilegt því sem aðgerðaáætlun hefði mælt fyrir um.

Við mat á bótagrundvelli og/eða bótafjárhæð kveður stefndi verða að líta til þess að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi stefnandi a.m.k. að einhverju marki átt sök á þeirri misklið sem upp hafi komið á milli hans og réttargæslustefnda. Á því sé því byggt af hálfu stefnda að sú staðreynd eigi að hafa áhrif á sakarmatið, svo og til lækkunar bóta á grundvelli reglna skaðabótaréttar um eigin sök.

Að lokum kveðst stefndi mótmæla bótakröfu stefnanda sem ósannaðri og of hárrí. Umkrafðar bætur séu hærrí en dæmdar hafi verið í sambærilegum málum. Dráttarvaxtakröfu stefnanda sé enn fremur mótmælt sem of hárrí.

Við aðalmeðferð málsins 30. september sl. var svohljóðandi málflutningsyfirlýsing bókuð eftir lögmanni stefnda:

„Stefndi dregur ekki í efa að höfundar skýrslu á dskj. nr. 3 hafa rétt eftir viðmælendum sínum. Þeir notast við skilgreiningu á því hvað einelti er og meta það svo að atvik málsins falli undir hana.

Ekki eru gerðar neinar sérstakar athugasemdir við það faglega mat.

Stefndi byggir þó á að til er „einelti“ á ýmsum stigum og ekki allt sem stefnandi byggir á fellur þar undir (stjórnunarlegar ákvarðanir um yfirvinnu og heimasíðu o.s.frv.). Telur stefndi að skýrsluhöfundar staðfesti það. Það er ýmislegt í skýrslunni sem stefndi byggir á líka að því leyti. Stefndi heldur því eftir sem áður fram að það sem ráða má af skýrslunni nái því ekki endilega að fella miskabótaábyrgð á þann sem telst ábyrgur.

Faglega (frá sjónarhóli vinnusálfræði) eru ekki bornar brigður á skýrsluna en lögfræðilega er deilt um hvað hún þýðir fyrir skaðabótarétt stefnanda.“

IV

Samkvæmt yfirlýsingu stefnda við aðalmeðferð málsins er hvorki ágreiningur um efni framlagðrar skýrslu Lífs og sálar frá 8. desember 2012, sem samkvæmt áðursögðu var unnin af þremur sálfræðingum á sálfræðistofunni, né það faglega mat sem í henni kemur fram. Hins vegar er ágreiningur með aðilum um gildi skýrslunnar við hina lögfræðilegu úrlausn máls þessa.

Skv. 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum setur ráðherra nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um hvaða kröfur skuli uppfylltar varðandi skipulag, tilhögun og framkvæmd vinnu, svo sem um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum, sbr. staflíð e. í greininni. Í 3. gr. reglugerðar nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað, sem sett var með stoð í nefndu ákvæði laga nr. 46/1980, er einelti skilgreint sem ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að.

Svo sem rakið er í kafla I hér að framan er í skýrslu sálfræðinganna þriggja komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi hafi sætt einelti af hálfu réttargæslustefnda, sbr. þau ummæli í skýrslunni að „undirrituð telja, á grundvelli framkominna upplýsinga um málavöxtu, að framkoma réttargæslustefnda í garð stefnanda uppfylli ofangreind skilyrði um að vera einelti.“ Framar í skýrslunni er einelti skilgreint sem „... endurtekin neikvæð og/eða niðurlægjandi framkoma sem erfitt er að verjast og leiðir til vanlíðunar hjá þeim sem fyrir verður.“ **Stefndi hefur ekki hnekk þessu mati skýrsluhöfunda heldur þvert á móti lýst því yfir að af hálfu bæjarins séu ekki gerðar neinar sérstakar athugasemdir við faglegt mat þeirra.**

Framangreindar tvær skilgreiningar á hugtakinu einelti eru ekki að öllu leyti sambærilegar. Verður þó að telja að efnislega byggist þær báðar á því að til þess að háttsemi geti talist einelti þurfi hún að vera endurtekin, ótilhlýðileg og til þess fallin að niðurlægja og valda þeim vanlíðan sem hún beinist að. Að þessu athuguðu þykir stefnanda hafa nægjanlega tekist að sanna með framlagningu skýrslu sálfræðinganna, sbr. áðurnefnda niðurstöðu í skýrslunni, að hann hafi sætt einelti af hálfu réttargæslustefnda í skilningi 3. gr. reglugerðar nr. 1000/2004.

Skv. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er heimilt að láta þann sem ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Þá er það ólögfest regla í skaðabótarétti að vinnuveitandi getur orðið skaðabótaskyldur vegna tjóns sem starfsmaður hans hefur valdið með saknæmum hætti, óháð því hvort vinnuveitandinn sjálfur hefur sýnt af sér saknæma háttsemi.

Stefndi var vinnuveitandi réttargæslustefnda. Réttargæslustefndi var skólastjóri X er atvik máls gerðust og hafði sem slíkur boðvald yfir stefnanda og öðrum starfsmönnum skólans. Þá bar hann ábyrgð á starfsmannahaldi í skólanum og á honum hvíldi meðal annars sú skylda í störfum sínum að gæta að ákvæðum laga nr. 46/1980 og reglugerðar nr. 1000/2004.

Ekki hefur annað komið fram í málinu en eineltið hafi að öllu leyti átt sér stað innan veggja skólans. Þá verður ekki fram hjá því litið að í niðurstöðum skýrslu sálfræðinganna er meðal annars að því vikið að viðbrögð réttargæslustefnda við óánægju stefnanda hafi verið ófagleg og ekki sæmandi stjórnanda. Jafnframt hafi verið staðfest af þriðja aðila að réttargæslustefndi hafi beðist undan tilmælum millistjórnenda um að leita lausna í málinu. Síðan segir svo: „Þó *réttargæslustefndi* telji með nokkrum rétti að *stefnandi* hafi gert sér erfitt fyrir að bæta ástandið, er það mat undirritaðra, að með því að taka a.m.k. fullan þátt í að viðhalda andrúmslofti fáskiptni og persónulegrar óvildar, hafi *réttargæslustefndi* brugðist í hlutverki sínu sem stjórnandi.“ Að öllu þessu virtu þykir hin saknæma háttsemi réttargæslustefnda hafa verið nægjanlega tengd starfi hans sem skólastjóra svo stefndi verði látinn bera bótaábyrgð á afleiðingum háttseminnar á grundvelli fyrrnefndrar reglu um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna.

Í þeim hluta skýrslu sálfræðinganna þriggja, þar sem viðtöl við aðra starfsmenn grunnskólans en stefnanda og réttargæslustefnda eru reifuð, kemur meðal annars fram að stefnandi hafi „... einangrast mikið í starfshópnum síðustu misseri og sumir töldu að það væri hans aðferð til að stýra umhverfi sínu og refsa samstarfsmönnum sínum fyrir að styðja sig ekki nægilega. Aðrir töldu að *stefnanda* liði mjög illa á vinnustaðnum og fundu til með honum.“ Sjálfur hefur stefnandi lýst vanlíðan vegna framkomu réttargæslustefnda í sinn garð, sbr. það sem eftir stefnanda er haft í skýrslu sálfræðinganna og framburð hans fyrir dómi. Í ljósi þess sem áður segir um einelti réttargæslustefnda í garð stefnanda og þess stuðnings sem telja verður fullyrðingar stefnanda um vanlíðan sína vegna eineltisins fá í tilvitnuðum orðum samstarfsmanna hans, þykir stefnanda nægjanlega hafa tekist að sanna að framkoma réttargæslustefnda í garð stefnanda hafi valdið honum vanlíðan og þar með ófjárhagslegu tjóni. Samkvæmt þessu og öðru framangreindu verður því slegið föstu að stefnandi eigi rétt til miskabóta úr hendi stefnda á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð.

Við mat á miska stefnanda verður ekki fram hjá því litið að í títtnefndri skýrslu, sem stefnandi sjálfur leggur til grundvallar kröfum sínum í málinu, er komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi hafi að nokkru leyti gert réttargæslustefnda erfitt fyrir að bæta ástandið á vinnustaðnum. Enn fremur var það niðurstaða sálfræðinganna að framkoma stefnanda sjálfs hefði að ýmsu leyti verið aðfinnsluverð og honum ekki til framdráttar. Að þessum atriðum virtum og að teknu tilliti til dómafordæma þykja miskabætur til handa stefnanda hæfilega ákveðnar 400.000 krónur. Um dráttarvexti

af hinni dæmdu fjárhæð fer svo sem í dómsorði greinir, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Með vísan til úrslita málsins, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda hluta málskostnaðar hans, með þeim hætti sem nánar greinir í dómsorði.

Bótaábyrgð stefnda grundvallast samkvæmt áðursögðu á saknæmri háttsemi réttargæslustefnda. Að því virtu þykir rétt að sýkna stefnda af kröfu hans um málskostnað.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt fyrir mæla 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, B, greiði stefnanda, A, 400.000 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. apríl 2012 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 400.000 krónur í málskostnað.

Stefndi skal sýkn af málskostnaðarkröfu réttargæslustefnda, C.

Kristinn Halldórsson